Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkurdeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

# STARFSLEYFI

## Pharmarctica ehf

**Kt. 481102-2270**

Lundsbraut 2.

**Grenivík**

Starfsleyfið gildir fyrir eftirfarandi starfsemi: **Pökkun og framleiðsla á vítamínum og steinefnum, framleiðsla og pökkun á snyrtivörum, pökkun og dreifing matvæla, Lundsbraut 2, 610 Grenivík.**

**Rekstraraðili er Sænes ehf, kt. 420393-2299**

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum.
Leyfishafi skal hlíta ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt fyrrgreindum lögum.
Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda.

Starfsleyfisskilyrðin koma fram í ákvæðum EB reglugerðar um hollustuhætti í matvælafyrirtækjum nr. 852/2004 og í meðfylgjandi samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir verslun með merkingarskyldar efnavörur, þar með taldar snyrtivörur. Jafnframt skal fylgja reglum um merkingar matvæla nr 503/2005 og fæðubótarefna samkvæmt reglugerð nr. 624/2004 með síðari breytingum.

**Starfsleyfið** var samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra þann 7. apríl 2010 og **gildir til tólf ára eða til 7. apríl 2022**.

Starfsleyfið er háð því að farið sé eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, m.a. að virkt innra eftirlit sé í fyrirtækinu.
Ef breytingar verða á starfseminni skal hafa samráð um það við heilbrigðiseftirlitið og starfsleyfið þá endurskoðað með tilliti til þess. Framsal þessa leyfis er óheimilt.
Starfsleyfið skal jafnan endurskoðað á fjögurra ára fresti en er auk þess ávallt til endurskoðunar við hverja skoðun heilbrigðiseftirlits á fyrirtækinu.

Akureyri, 8. apríl 2010.

Valdimar Brynjólfsson
framkvæmdastjóri.